

Nd.

755. Framhaldsnefndarálit

nm frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Háttv. efri deild hefir gert þá eina breytingu á þessu frumvarpi að fella burt hámark á launum hreppsnefndaroddvita.

Allsherjarnefndin telur þetta atriði svo lítils vert, að hún vill ekki gera það að ágreiningsefni, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá háttv. efri deild.

Alþingi, 30. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Einar Árnason,
framsögum.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.